

# SAMÞYKKTIR

fyrir

## Sprotar - eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf.

### Nafn og heimili félagsins

1. gr.

Félagið er einkahlutfélag og er nafn þess Sprotar -eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf. Heimili félagsins er í Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík. Félagið er stofnað með heimild í 26. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2022, sbr. lið 5.16.

### Tilgangur og verkefni

2. gr.

Tilgangur félagsins er að fara með eignarhald og umsýslu með eignarhlutum og hlutafé í rannsóknar- og sprotafyrirtækjum sem Háskóli Íslands hefur aðkomu að.

Meginverkefni félagsins eru:

- a. Hafa umsýslu með eignarhlutum og hlutafé í eignasafni félagsins.
- b. Efla samstarf við rannsóknar- og sprotafyrirtæki í eignarsafni félagsins.
- c. Annast yfirfærslu eignarhluta til félagsins í samræmi við samning sem gerður er um aðkomu Háskóla Íslands að sprotafyrirtæki.
- d. Taka ákvörðun um sölu eignarhluta og hlutafjár í eignarsafni félagsins og annast söluna í samráði við rektor Háskóla Íslands.
- e. Ráðstafa hagnaði af sölu eignarhluta og hlutafjár í samræmi við samþykktir þessar.
- f. Ávaxta hagnað á hagkvæman og ábyrgan hátt þar til ráðstöfun hagnaðar er lokið.

Ráðstöfun hagnaðar:

- a. Hagnaði félagsins skal varið til að styrkja frumkvöðla- og nýsköpunarverkefni sem tilkynnt hafa verið og eru í umsjón Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala með vísan til starfsreglna nefndarinnar sem samþykktar voru í háskólaráði og af forstjóra Landspítala 7. febrúar 2013, sbr. síðari breytingar. Stjórn félagsins úthlutar styrkjum. Opið er fyrir umsóknir allt árið, að því gefnu að fjármunir til úthlutunar séu til staðar í félaginu. Við mat á úthlutun er skoðað hvort að styrkur auki líkur á hagnýtingu uppfinningar/nýjungar, t.d. með því að staðfesta

gildi hugmyndar eða gera nauðsynlegar prófanir fyrir aðkomu leyfishafa/fjárfesta. Stjórn félagsins getur óskað eftir staðfestingu frá Hugverkanefnd eða eftir atvikum Auðnu-tæknitorgi fyrir mikilvægi styrks við hagnýtingu verkefnis. Félagið styrkir ekki rannsóknarverkefni, samfélagsvirkniverkefni eða innlögn einkaleyfisumsókna sem styrkt eða fjármögnuð eru á öðrum vettvangi innan Háskóla Íslands.

- b. Að meginreglu mun félagið ekki fjárfesta í rannsóknar- og sprotafyrirtækjum. Stjórn félagsins er þó heimilt, eftir atvikum, að ráðstafa hagnaði til að verja eignarhluti félagsins gegn útþynningu að undangengnu hagsmunamati fyrir slíkri ráðstöfun og svo fremi að einstök ráðstöfun nemi ekki umfram hóflegu hlutfalli af uppsöfnuðum hagnaði félagsins.

Félaginu er óheimilt að taka lán út á eða veðsetja eignarhluti í rannsóknar- og sprotafyrirtækjum Háskóla Íslands.

### **Hlutfé**

#### **3. gr.**

Hlutfé félagsins er kr. [1.306.162 -krónur ein milljón þrjú hundruð og sex þúsund eitt hundruð sextíu og tvær]. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 -króna að nafnverði. Háskóli Íslands er eigandi alls hlutfjár.

#### **4. gr.**

[Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 2.580.141 hluti á genginu 1. kr. á hlut, í einu lagi eða í áföngum með áskrift nýrra hluta. Heimildin gildir til 31. desember 2023, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar.]

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða í áföngum með áskrift nýrra hluta að upphæð sem telst sanngjarnt endurgjald, miðað við hlutfall af bókfærðu eigin fé, vegna yfirfærslu eignarhluta Háskóla Íslands í þeim sprotafyrirtækjum sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt að færa yfir í félagið. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar.

#### **5. gr.**

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

6. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildni gagnvart því fyrir en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega eða þau hafa verið færð í gerðabók.

7. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

### **Hluthafafundir**

8. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmaetra hluthafafunda. Háskólaráð fer með eignarhlut Háskóla Íslands í félaginu en getur veitt rektor Háskóla Íslands umboð til að fara með hlutinn, sbr. heimild í 26. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

9. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint.

Ákvarðanir teknar á aðalfundi og aukafundi skulu skráðar í gerðabók félagsins.

10. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með sjö daga fyrirvara, með tilkynningu til rektors Háskóla Íslands í tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmaetur ef hann er löglega boðaður og mætt er fyrir hönd Háskóla Íslands. Verði fundur ólögmaetur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með 7 daga fyrirvara. Ákvarðanir skulu skráðar í gerðabók.

11. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri 1 krónu í hlutafé. Hluthafi eða sá sem hefur heimild til að fara með hlutinn getur með skriflegu umboði veitt umboðsmanni heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt skólans.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki 75% hluthafa þarf til þess:

- a. að skylda Háskóla Íslands til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild Háskóla Íslands til meðferðar á hlutum sínum,
- c. að hækka eða lækka hlutfé félagsins, eða
- d. að breyta ákvæðum samþykktu félagsins.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

#### 12. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Kosning stjórnar.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

#### 13. gr.

Félagið skal halda gerðarbók og skrá í hana það sem gerist á hluthafafundum.

### **Félagsstjórn**

#### 14. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundir.

15. gr.

Framkvæmdastjóri, í umboði formanns, boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

### **Framkvæmdastjóri**

16. gr.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir félagið samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

### **Reikningar og endurskoðun**

17. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn endurskoðanda. Skal endurskoðandi rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Gera skal tillögu um að ríkisendurskoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

18. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Stjórn skilar ársreikningi til Háskóla Íslands, Skattsins, ársreikningaskrá skv. lögum, og Fjársýslu ríkisins auk fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir lok mars hvers árs. Auk þess að skila árlega skýrslu til háskólaráðs og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um starfsemina.

### **Breytingar á samþykktum**

19. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi.

### **Slit félagsins**

20. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum.

### **Almenn ákvæði**

21. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt hinn 9. nóvember 2022, sbr. breytingar samþykktar 2. febrúar 2023.